



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

3.júní 2013

## Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður	Erla Kristín Árnadóttir- Kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð –boðaði forföll	Hildur S. Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild
Hreinn Októ – ritari	Erla Gísladóttir - handknattleiksdeild
Hafdís Guðmundsdóttir- varaf.	Árni Pétursson– Knattspyrnudeild
Bjarni Torfi Álfþórsson - verkefnastjóri	Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstj.
Óskar Hrafn Þorvaldsson meðstj	Ragnar Rafnsson varamaður

## Dagskrá:


Dagksráin:

- Yfirlit deilda
- Þjónustudsamningur Seltjarnarness og Gróttu
- Aukafjárveiting frá Bænum
- Innheimtumál deilda
- Gróttudagur – ballnefnd
- Grasvöllur uppi á Valhúsahæð
- Stofnun blakdeilda
- Gróttubúð
- Önnur mál

### 1. Yfirlit deilda.

**Knattspyrnudeildin:** Árni fór yfir gengi knattspyrnudeilda. Það var haldinn búningadagur 1.júní sl og gekk mjög vel í alla staði. Pétur Steinn Þorsteinsson farin til reynslu hjá FCK í Danmörku. Innheimta á búningagjaldi gekk mjög vel. Fyrirspurn frá foreldrum stelpna í KR um samstarf, verður skoðað.

**Handboltadeild:** Erla fór yfir handboltann sagði að 4-5 flokkur væru að fara á Partille Cup í sumar. Gengið hefur verið frá samningum við marga þjálfara. Vantar þjálfara hjá 6-7-8 fl.





**Fimleikadeild:** Hildur sagði frá frábærum árangri Dominiquu Ölma Belányi á smáþjóðaleikunum þar sem hún kom heim með 4 gull og 1 brons. Farið verður á stórt móti í Hollandi í lok júní þar sem margar þjóðir taka þátt.

**Kraftlyftingadeild:** Erla Kristín sagði frá því að Fanney Hauks og Ingimundur fóru á HM í Litháen. Þar missti Fanney rétt af bronsverðlaunum. Ingimundur stóð sig vel og setti Íslandsmet. Tekið verður þátt í Landsmóti UMFÍ undir UMSK og verður Grótta vonandi með keppendur þar. Grótta sendir 2 þátttakendur á HM unglings sem verður haldi í Texas í ágúst. Tilalaga að athuga um styrk til fararinnar hjá UMSK. Tekið verður þátt í móti á Ísafirði í september.

2. **Innheimta deilda** Innheimta gjalda hefur gengið vel. Skoða á hvert mál fyrir sig.  
Kvennaklúbbur Soroptemista á Seltjarnarnesi eru með sjóð sem foreldrar barna geta sótt um að fá styrki ef þau þurfa að neita sér um íþróttferðir vegna fjárskorts.
3. **Gróttudagur-ball.** Fundað verður með ballnefnd um dagsetningu og fyrirkomulag.
4. **Grasvöllur.** Ánægja með að það skuli vera komin grús upp á völl á eftir að hafa samband við þann sem á að sletta úr henni. Meistaraflokkur æfir á grasvelli sem er í góðu ástandi. Ánægja hjá knattspyrnudeild með að vinna við völlinn skuli vera komin í gang.
5. **Stofnun blakdeilda.** Lagt fram erindi frá hópi sem hefur spilað undir merkjum Gróttum um inngöngu í félagið. Lagt fyrir og samþykkt að fara í vinnu við að gera samning við þær.
6. **Gróttubúð.** Rætt um að gera Gróttubúðina sýnilegri eftir ábendingar frá foreldrum. Rætt um að gera plaköt og að setja auglýsingar í Nesfréttir og setja meira inná Facebook. Rætt um að setja link á heimasíðu Gróttu á myndasíðu Eyjólfs ljósmyndara.
7. **Þjónustusamningur.** Bjarni lagði fram nýjan þjónustusamning við Seltjarnarnesbæ sem farið var yfir. Rætt um raunverulega fjárþörf Gróttu og draumaáætlanir deilda. Rafn og Guðjón skoða málið. Rætt um hvernig eigi að skipta fjármagninu og hvort ekki eigi að stofna aftur varasjóð. Bjarni og Kristín vinna samninginn í samvinnu við Hauk.
8. **Aukafjárveiting frá bænum.** Fjárhags og launaneftnd Seltjarnarness veitti auka fjárveitingu sem kemur til afgreiðslu strax.
9. **Önnur mál** Óskar kom fram með tillögu um að fara að skoða að stofna hóp til að fara að vinna í grunnstyrk, liðleika og þoli hjá yngri flokkum Gróttu. Hefur rætt við þjálfara deildanna og leist þeim vel á hugmyndina. Allir sammála að þetta sé góð hugmynd og Óskar mun halda áfram að vinna í málinu.

Skoða hvort það er grundvöllur að stofna afrekshóp ungmenna á aldrinum 14-18 ára sem gætu stundað íþrótt sína á sumrin í staðinn fyrir að vera í unglingsvinnunni. Óskar skoðar málið.

Bjarna og Gittu þakkað kærlega fyrir aðstoðina við vinnuna við búningana hjá knattspyrnudeild.

Ekki var boðað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 21:10

